



Reykjavík, 15. júlí 2020

Brot Íslenska lífeyrissjóðsins gegn 37. gr. og 36. gr. e laga nr. 129/1997

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hóf athugun á eign Íslenska lífeyrissjóðsins í ákveðnum verðbréfasjóði þann 4. maí sl. Athugunin sneri að því hvort fjárfestingin væri í samræmi við lögbundið hámark 6. mgr. 36. gr. c. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og ef svo væri af hverju Fjármálaeftirlitinu hefði ekki verið tilkynnt um brotið í samræmi við 37. gr. sömu laga.

Það var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að eign Íslenska lífeyrissjóðsins hafi verið yfir lögbundnu hámarki laganna á tímabilinu maí til desember 2019. Íslenski lífeyrissjóðurinn greip til ráðstafana og seldi úr sjóðnum þegar brotið uppgötvaðist og var kominn niður fyrir lögmælt hámark í desember 2019. Fjármálaeftirlitnu var hins vegar ekki tilkynnt um brotið í samræmi við 37. gr. laga nr. 129/1997.

Þá var það einnig niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að eftirlitskerfi Íslenska lífeyrissjóðsins uppfylli ekki kröfur 36. gr. e. laga nr. 129/1997 að því er viðkemur eftirliti með fjárfestingarheimildum laga nr. 129/1997 og var því farið fram á úrbætur innan tiltekinna tímamarka.